

Reykjavík 11. nóvember 2014

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Félags Háls- nef- og eyrnalækna um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (heilðarlög), 257. mál. Þingskjal 295 á 144. löggjafarþingi 2014-2015.

Félagi Háls- nef- og eyrnalækna barst ofangreint lagafrumvarp til umsagnar frá Velferðarnefnd Alþingis þann 27. október 2014.

Umtalsverður hluti skjólstæðinga háls- nef- og eyrna (HNE) lækna, bæði sjálfstætt starfandi og á HNE deild Landspítala eru einstaklingar með heyrnaskerðingu, heyrnaleysi og radd og taltruflanir. Heyrnar- og talmeinstöð Íslands (HTÍ) er eina sérhæfða greiningar- og meðferðarmiðstöð fyrir þennan hóp einstaklinga á Íslandi. Starfsemi HTÍ er því gríðarlega mikilvæg fyrir HNE lækna og skjólstæðinga þeirra.

Frumvarpið felur í sér að tvær stofnanir sem heyra undir félags- og húsnæðismálaráðherra (Greininga- og ráðgjafastöð ríkisins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga) sameinast stofnun sem í dag heyrir undir heilbrigðisráðherra (HTÍ). Það er reyndar ekki tekið fram með beinum hætti í frumvarpinu en hin nýja sameinaða stofnun mun heyra undir félags- og húsnæðismálaráðherra og eldri lög um starfsemi HTÍ falla úr gildi.

Félag HNE lækna mótmælir því að HTÍ verði flutt úr umsjá heilbrigðisráðherra til félags- og húsnæðismálaráðherra. Ástæður þess eru eftirfarandi:

HTÍ er heilbrigðisstofnun sem sinnir fyrst og fremst úrlausn klínískra viðfangsefna innan heyrnarfræði (audiology) og radd- og talmeinalækninga (phoniatri) á öllum þjónustustigum, þ.e. heilbrigðisþjónustu á 1., 2. og 3. stigi. Stofnanirnar tvær sem til stendur að sameina HTÍ eru félagslegar stofnanir sem veita 3. stigs félagslega þjónustu. Texti frumvarpsins, ásamt athugasemdum við það er fremur í anda félagsþjónustu en heilbrigðisþjónustu og er beinlínis tekið fram að mikill hluti verkefna nýrrar stofnunar sé félagslegs eðlis (sbr. kafli V. Samráð). Það er því mikil hætta á að starfsemi nýrrar sameinaðrar stofnunar beinist inn á 3. stigs félagslega þjónustu á kostnað þeirrar heilbrigðisþjónustu sem núna er veitt á HTÍ og leiði þar með til verri þjónustu fyrir einstaklinga með heyrnar- og/eða talmei.

Stofnunin á í samvinnu við ýmsar heilbrigðisstofnanir, m.a. HNE deild og barnadeild Landspítala, sjálfstætt starfandi HNE lækna, heilsugæslustöðvar og öldrunarstofnanir. Með sameingu við ofangreindar félagslegar stofnanir og flutning úr umsjá heilbrigðisráðherra er hætta á að þessi tengsl rofni að einhverju leyti og sú samfellda þjónusta sem þau bjóða upp á verði seinvirkari og lakari. Hér er m.a. átt við skimun á heyrn nýbura, meðferð á heyrnarmeinum, m.a. heyrnarbætandi aðgerðir og kuðungsígræðslur ásamt meðferð talmeina fyrir alla aldurshópa, t.d. barna með skarð í vör- og góm og ýmsar raddveilur einstaklinga með taugasjúkdóma s.s. Parkinsons sjúkdóm eða eftir heilablóðfall. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að á HTÍ er þekking og reynsla sem ekki er fyrir hendi annars staðar í íslensku heilbrigðiskerfi.

Bæði heyrnarfræði (audiology) og radd- og talmeinalækningar (phoniatri) eru viðurkenndar undirsérgreinar HNE lækninga. Á HTÍ starfa einnig talmeinafræðingar og sálfræðingar sem starfa einnig samkvæmt leyfi frá Landlæknisembættinu og unnið er að löggildingu heyrnafræðinga sem heilbrigðisstéttar hérlendis. Menntun, starfsþjálfun og leyfisveitingar sérhæfðra starfsmanna HTÍ mun því fara fram á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Því er eðlilegast að stofnunin heyri undir það embætti.

Í frumvarpinu er ekki minnst á vísindarannsóknir, þróun eða þekkingaröflun á sviði heyrnar- og talmeina sérstaklega. Hins vegar kemur fram að hin nýja miðstöð eigi að stunda fræðilegar rannsóknir og taka þátt í þróunarverkefnum og erlendu samstarfi sem m.a. hefur það að markmiði að auka skilning á orsökum, eðli og umfangi fatlana og sjaldgæfra sjúkdóma, meta aðstæður fólks og bæta stöðu þess (sbr 6. grein). Framfarir á sviði heyrnarfræði og talmeinafræði undanfarin ár hafa orðið í samvinnu sérfræðinga á þeim sviðum, ásamt sérfræðingum á sviði háls- nef- og eyrnalækninga, taugalækninga, barnalækninga og fleiri sérsviðum læknisfræðinnar. Hætta er á að færast þjónustan inn í félagslega kerfið muni reynast erfiðara að taka þátt í þróun þessara fræðigreina héraðs og erlendis.

Í nágrannalöndum okkar, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, ríkir nán samvinna HNE lækninga og klínískrar heyrnarfræði og eru heyrnafræðideildir oftast staðsettar í mikilli nálægð við eða jafnvel sem hluti af HNE deildum hvort sem um ræðir minni sjúkrahús eða háskólasjúkrahús. Sama á við um klínískar radd- og talmeinaeildir. Því miður hefur sú samvinna ekki þróast með sambærilegum hætti héraðs en það er þó það líkan sem félag HNE lækna sér fyrir sér sem æskilega framtíðarskipan þjónustu einstaklinga með heyrnar og talmein. HTÍ á því mun frekar heima innan veggja háskólasjúkrahúss en á félagslegri þjónustumiðstöð og gera ætti ráð fyrir henni á nýjum Landspítala.

Félag HNE lækna leggur því til að frumvarpinu verði breytt með tilliti til þess að sú flókna sérhæfða heilbrigðisþjónusta sem veitt er á HTÍ verði áfram flokkuð sem heilbrigðisþjónusta og þar með heyri áfram undir heilbrigðisráðherra.

Virðingarfyllst,

Einar Hjaltsted
formaður Félags Háls-, nef- og eyrnalækna.